



Barnaheill
Save the Children á Íslandi



ÁRSSKÝRSLA 2015



Barnaheill
Save the Children á Íslandi

2014 - 2015

Stjórn

Kolbrún Baldursdóttir formaður
Sigríður Olgeirsdóttir varaformaður
María Sólbergdóttir gjaldkeri
Helga Sverrisdóttir ritari
Guðrún Kristinsdóttir meðstjórnandi
Már Másson meðstjórnandi
Bjarni Karlsson meðstjórnandi
(til okt 2015)
Ólafur Ó. Guðmundsson varamaður
Gunnar Hrafn Jónsson varamaður
Pórarinn Eldjárn varamaður

Starfsmenn

Erna Reynisdóttir framkvæmdastjóri
Margrét Júlía Rafnsdóttir verkefnastjóri
Póra Jónsdóttir lögfræðingur og
verkefnastjóri
Sigríður Guðlaugsdóttir verkefnastjóri

Stoðþjónusta

Guðbjörg Andrésdóttir móttaka
Ágústa K. Marisdóttir bókarari

Nefndir

Kjörnefnd

Ásta Ágústsdóttir
Bjarni Snæbjörnsson
Kristín Jónasdóttir
Til vara:
Einar Gylfi Jónsson
Hrefna Friðriksdóttir

Ársskýrsla 2015

Barnaheill – Save the Children á Íslandi
Reykjavík apríl 2016
Prentun: Litróf – umhverfisvæn
prentsmiðja

Forsíðumyndin er tekin í gömlu
Heilsuverndarstöðinni á Barónsstíg
þegar Mæðraskýrsla Barnaheilla var
kynnt í maí 2015.

Ljósmyndari: Sigríður Guðlaugsdóttir
Fyrirsætur: Lilja Hrönn Gunnarsdóttir og
Ingvi Brynjar Ingvason, Anna Margrét
Einarsdóttir og Einar Steinn Harðarson,
Líney Úlfarsdóttir og Úlfar Ásberg
Svararsson, Guðrún Eva Bjarkardóttir
og Jón Arnar Davíðsson Kratsch og
Sigrún Ósk Kristjánsdóttir.



Á myndinni eru frá vinstri Erna Reynisdóttir, Pórarinn Eldjárn, Már Másson, Helga Sverrisdóttir, Ólafur Ó. Guðmundsson, Kolbrún Baldursdóttir, Guðrún Kristinsdóttir, María Sólbergdóttir og Bjarni Karlsson. Á myndina vantar Sigríði Olgeirsdóttur og Gunnar Hrafn Jónsson.

Laganefnd

Aðalmenn:

Kolbrún Baldursdóttir
Dögg Pálsdóttir
Guðrún Kristinsdóttir

Til vara:

Einar Gylfi Jónsson
Hrefna Friðriksdóttir

Skoðunarmenn ársreikninga

Helga Jónasdóttir
Þórður Þórkelsson
Til vara:
Ásta Ágústsdóttir
Grétar Már Axelsson

Fulltrúar í stjórn

Mannréttindaskrifstofu Íslands

Guðrún Kristinsdóttir
Erna Reynisdóttir

Löggiltur endurskoðandi

Árni Björn Birgisson

Verndari Barnaheilla – Save the Children á Íslandi er Vigdís Finnbogadóttir

Efnisyfirlit

3 Frá formanni og framkvæmdastjóra

4 Um Barnaheill

5 Innlent starf

13 Erlent starf

15 Tekjur og gjöld 2015

16 Barnasáttmálinn og Vinátta

Frá formanni og framkvæmdastjóra



Kolbrún Baldursdóttir,
formaður stjórnar

Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa frá stofnun árið 1989 lagt áherslu á starf innanlands og er árið 2015 engin undantekning þar á.

Forvarnarverkefnið Vinátta átti stóran sess í starfsemi samtakanna á árinu. Verkefnið var tilraunakennt í sex leikskólum veturinn 2014-2015 undir dyggri verkefnastjórn Barnaheilla. Haustið 2015 var verkefnið fullunnið eftir ábendingum leikskólanna sex og nýju efni bætt við. Í lok ársins höfðu hátt í 200 starfsmenn frá 25 leikskólum skráð sig á námskeið í þrjú ár 2016.

Mikilvægur liður í starfi Barnaheilla í þágu barna er málsvarahlutverkið og þrýstingur á stjórnvöld og aðra sem koma að málefnum barna eða eiga að standa vörð um réttindi þeirra. Gerðar voru umsagnir um þrettán frumvörp, þingsályktunartillögur og reglugerðir á árinu 2015. Í ágúst sendu samtökin þingmönnum og sveitarfélögum áskorun um gjaldfrjálsa grunnmenntun. Áskorunin fékk töluverða athygli og verður henni fylgt eftir á árinu 2016.

Það er ánægjulegt að sjá hversu blómlegt starf er innan ungmennaráðs Barnaheilla. Sem dæmi þá fengu fulltrúar ungmennaráðanna að sitja opinn fund velferðarnefndar Alþingis í febrúar og fulltrúar ungmennaráðsins funduðu með menntamálaráðherra í apríl. Í mars tók ungmennaráðið á móti norrænum gestum en þá komu fulltrúar frá ungmennaráðum Save the Children á norðurlöndunum í heimsókn. Gerð kvikmyndar um Barnasáttmálann



Erna Reynisdóttir,
framkvæmdastjóri

í tilefni 25 ára afmælis hans árið 2014 er á lokastigi en myndin verður sýnd á RUV auk þess sem henni verður dreift til grunnskóla landsins. Fjölmargt fleira var á dagskrá ungmennaráðsins eins og þátttaka í fundi á Ítalíu um fátækt og þátttöku barna, erindi á viðurkenningu Barnaheilla og fleira.

Viðurkenningin Barnaheilla var veitt á afmæli barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna þann 20. nóvember. Að þessu sinni var það Hrafn Jökulsson sem hlaut viðurkenninguna.

Hrafn er landsþekktur rithöfundur, eldhugi og stofnandi skákfélagsins Hrósins. Áhersla hans á vináttu og á að valdefla börn og styrkja þau félagslega samræmast áherslum Barnaheilla á mannréttindi barna.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi vinna áfram í alþjóðlega verkefninu um vernd barna gegn kynferðislegu ofbeldi á netinu. Ábendingahnappurinn er hluti af því verkefni en hann er vistaður á vefsíðu Barnaheilla. Á árinu 2015 bárust ábendingar um 1.098 vefslóðir eða annars konar miðla og 6% þeirra reyndust innihalda efni þar sem börn voru beitt kynferðisofbeldi og sýnd á kynferðislegan hátt.

Á aðalfundi Barnaheilla í maí varð töluverð nýliðun í stjórn en úr stjórn gengu Atli Dagbjartsson, varaformaður, Dögg Pálsdóttir, ritari, og Bjarni Snæbjörnsson, varamaður. Eru þeim þökkúð vel unnin störf fyrir samtökin. Í þeirra stað komu þeir Már Másson

og Bjarni Karlsson sem aðalmenn og Ólafur Ó. Guðmundsson sem varamaður. Sigríður Olgeirsdóttir tók við stöðu varaformanns. Bjarni Karlsson gekk úr stjórn í október vegna persónulegra aðstæðna. Engar breytingar urðu á starfsliði samtakanna.

Í september var sýningin *Óskir íslenskra barna* eftir Ástu Kristjánsdóttur opnuð í Gerðubergi. Hlaut sýningin töluverða athygli og heimsóttu grunnskólar sýninguna til að nýta í kennslu og umræður með börnum um ofbeldi, vanrækslu, einelti og fátækt. Umgjörð sýningarinnar í Gerðubergi var til fyrirmyndar og kunnum við forsvarsmönnum safnsins bestu þakkir fyrir frábært samstarf.

Fjárhagslegur stuðningur almennings er forsenda þess að Barnaheill geti starfað að málefnum barna. Árleg fjáröflunaráttök samtakanna á borð við Út að borða fyrir börnin, jólakortasölu og jólapesuátakið eru gríðarlega mikilvæg sem og mánaðarlegur stuðningur Heillavina. Ekki síður er mikilvægt þegar fyrirtæki, einstaklingar og hópar eiga frumkvæði að söfnunum fyrir verkefnum samtakanna. Vinir Ferguson, Arsenalklúbburinn og Brimborg eru góð dæmi um óvæntan stuðning, sem og styrkur frá fjórum barnakórum undir stjórn Jóhönnu Halldórsdóttur sem héldu tvenna tónleika á vordögum til stuðnings Vináttuverkefni samtakanna.

Stjórn, starfsfólki og sjálfböðaliðum eru færðar bestu þakkir fyrir samstarf og stuðning á árinu. Einnig vilja samtökin þakka öllum öðrum sem stutt hafa fjárhagslega við starfsemina á liðnu ári, bæði einstaklingum, hópum og fyrirtækjum.

Hér hefur verið tæpt á því helsta í starfsemi Barnaheilla – Save the Children á Íslandi árið 2015.

Takk fyrir.
Kolbrún Baldursdóttir, formaður stjórnar og Erna Reynisdóttir, framkvæmdastjóri Barnaheilla – Save the Children á Íslandi.



Vinátta er forvarnarverkefni Barnaheilla gegn einelti fyrir 3-8 ára börn. Verkefnið er að danskri fyrirmynd og nefnist **Fri for Mobberi í Danmörku**. Það er byggt á nýjustu rannsóknum um einelti og reynslan af notkun þess er afar góð. Mikil ánægja er einnig með verkefnið meðal starfsfólks og foreldra barnanna í leikskólunum þar sem það er notað.

Um Barnaheill

Barnaheill – Save the Children á Íslandi eru frjáls félagsamtök, stofnuð hér á landi árið 1989. Þau eiga aðild að alþjóðasamtökunum Save the Children sem voru stofnuð í Bretlandi árið 1919 og starfa nú í yfir 120 löndum. Stofnandi þeirra, Eglantyne Jebb, var með fyrstu baráttumanneskjum fyrir rétti barna til að alast upp við öryggi og frið. Hún átti hugmyndina að og skrifaði sáttmála um réttindi barna árið 1921 sem síðar varð grunnurinn að barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Samtökin vinna að mannréttindum barna með því að vera málsvari þeirra, efla menntun og veita mannúðar- og neyðaraðstoð þegar hörmungar dynja yfir samfélög.

Save the Children eru stærstu alþjóðlegu frjálsu félagasamtök sem starfa í þágu barna. Þau starfa eftir barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að rétti sérhvers barns til lífs, verndar, proska og aukins áhrifamáttar.



Starfsfólk Barnaheilla frá vinstri Margét Júlía Rafnsdóttir, Þóra Jónsdóttir, Erna Reynisdóttir og Sigríður Guðlaugsdóttir.

Heimasíða Barnaheilla – Save the Children á Íslandi er barnaheill.is.

Samtökin eru einnig með viðveru helstu á samfélagsmiðlum.

Innlent starf

Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa frá stofnun árið 1989 lagt áherslu á starf innanlands. Samtökin hafa barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi í öllu sínu starfi og leggja áherslu á að standa vörð um réttindi barna, forvarnir, baráttu gegn ofbeldi á börnum, heilbrigðismál og að rödd barna heyrist betur í íslensku samfélagi.

ALMENN RÉTTINDABARÁTTA

Barnasáttmálinn

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna er leiðarljós Barnaheilla – Save the Children á Íslandi. Hann var samþykktur á allsherjarþingi SP þann 20. nóvember 1989, fullgiltur á Íslandi 27. nóvember 1992 og lögfestur hér á landi 20. febrúar 2013 með lögum númer 19/2013 og er nú hluti af íslenskrri löggjöf. Barnaheill höfðu lengi barist fyrir lögfestingu sáttmálans og fagna því að hún sé orðin að veruleika, enda er það mikil réttarbót fyrir börn á Íslandi.

Barnasáttmálinn felur í sér alþjóðlega viðurkenningu á því að börn séu hópur einstaklinga sem hafi sjálfstæð réttindi, óháð foreldrum eða forsjáradilum, og að þau þarfnist sérstakrar umönnunar og verndar umfram fullorðna. Barnasáttmálinn kveður á um borgaraleg, stjórnmalaleg, efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi barna án tillits til kynþáttar, litarháttar, búsetu eða annarrar stöðu þeirra eða foreldra þeirra. Nær öll lönd heimsins hafa staðfest og fullgilt sáttmálann. Öllum sem vinna að málefnum barna, ber að gera það sem í þeirra valdi stendur til að framfylgja honum.

Í Barnasáttmálanum er kveðið á um skyldur ríkja til að kynna ákvæði samningsins með viðeigandi hætti fyrir börnum og fullorðnum. Kynning á Barnasáttmálanum hefur ekki verið markviss á Íslandi og því hefur almenn þekking á honum og réttindum barna verið takmörkuð. Til að bregðast við því gerðu Barnaheill – Save the Children á Íslandi, umboðsmaður barna og UNICEF á Íslandi námsefni um Barnasáttmálann í samvinnu við



Ungmennaráð Barnaheilla 2015.

Námshagstofnun. Um er að ræða veggspjöld, bæklinga og náms- og fræðsluvefnn, barnasattmali.is.

KVIKMYND UM BARNASÁTTMÁLANN

Ungmennaráð Barnaheilla, UNICEF á Íslandi og ráðgjafahópur umboðsmanns barna hafa á árinu unnið saman að gerð kvikmynda um Barnasáttmálann í tilefni 25 ára afmælis hans árið 2014. Við verkefnið hefur starfað framleiðandi, Ívar Kristján Ívarsson, sem hefur leitt verkefnið ásamt ungmennunum og verið þeim til leiðsagnar. Hann annaðist kvikmyndatökur að mestu. Ungmennin skrifuðu handritið sem var fullklárað á árinu. Þau önnuðust leikaravalið fyrir myndina og skipulagningu fyrir tökudaga. Þau tóku þátt í því að finna tökustaði, útvega leikmuni, búninga, förðunarvörur og margt fleira. Upptökur á leiknum senum fóru að mestu fram sumarið 2015. Verkefnið hlaut styrki frá Æskulýðssjóði, Barnavinafélaginu Sumargjöf og Forvarnarsjóði Reykjavíkurborgar. Nemendur í Borgarholtsskóla hafa tekið virkan þátt í tækni-vinnu framleiðslunnar. Kvikmyndin verður frumsýnd á RÚV. Henni verður dreift til grunnskóla landsins til sýninga og til kennslu í mannréttindum barna.

MÁLVARAHLUTVERK BARNHEILLA

Mikilvægur liður í starfi Barnaheilla í þágu barna er málsvarahlutverkið og þrýstingur á stjórnvöld og aðra sem koma að málefnum barna eða eiga að standa vörð um réttindi þeirra. Mikil áhersla er lögð á að þau réttindi sem kveðið er á um í barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna séu virt. Samtökin senda reglulega umsagnir til Alþingis um lagafrumvörp, þingsályktunartillögur og reglugerðir er lúta að málefnum barna, hér á landi sem erlendis.

Jafnframt eru sendar út ályktanir og áskoranir til stjórnvalda og annarra aðila þegar samtökin telja brotið á réttindum barna. Í umsögnum, ályktunum og áskorunum er leitast við að hafa hagsmuni barna að leiðarljósi og það sem barni er fyrir bestu. Samtökin senda reglulega greinar til fjölmiðla um málefni barna og þau verkefni sem samtökin vinna að. Allar greinarnar má finna á vefsíðu samtakanna undir liðnum **Útgáfa**.

Eftirtaldar umsagnir um frumvörp, þingsályktunartillögur og reglugerðir voru á árinu 2015:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningar-

lögum, nr. 19/1940 með síðari breytingum (bann við hefndarklámi). 26.02.2015.

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940 með síðari breytingum (heimilisofbeldi). 27.02.2015.

Umsögn um frumvarp til laga um Menntamálastofnun. 27.02.2015.

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð einkamála, lögum um meðferð sakamála, lögum um aðför, lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. og lögum um dómstóla (einföldun réttarfars). 11.05.2015.

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um þátttöku í björgunaraðgerðum á Miðjarðarhafi. 27.05.2015.

Umsögn um drög að þingsályktunartillögu um geðheilbrigðisstefnu og aðgerðaráætlun. 18.08.2015.

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um aukinn stuðning við móttöku flóttafólks. 09.10.2015.

Umsögn um drög að þingsályktunartillögu um fjölskyldustefnu til ársins 2020. 12.10.2015.

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um styrkingu leikskóla og fæðingarorlofs. 19.10.2015.

Umsögn um frumvarp til laga um staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni. 27.11.2015.

Umsögn um frumvarp til laga um fullnustu refsinga. 27.11.2015.

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum (samfélagsþjónusta ungra brotamanna). 03.12.2015.

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um stefnu og aðgerðaáætlun í geðheilbrigðismálum til fjögurra ára. 04.12.2015.

Starfsmenn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi voru nokkrum sinnum boðaðir á fund hjá nefndum Alþingis



Frá Viðurkenningu Barnaheilla 2015. Frá vinstri Stefán Herbertsson, Erna Reynisdóttir, Hrafn Jökulsson, Róbert Lagerman og Kolbrún Baldursdóttir.

á árinu 2015 til að ræða umsagnir samtakanna og þau málefni sem um var að ræða hverju sinni.

Áskoranir:

Í ágúst sendu samtökin þingmönnum og sveitarfélögum bréf með áskorun um að tryggja börnum rétt sinn til að stunda grunnám án endurgjalds. Barnaheill hvöttu stjórnvöld til þess að breyta 31. gr. grunnskólalaga þannig að tekið yrði fyrir alla gjaldtöku í grunnskóla, þannig að grunnskólinn verði í raun gjaldfrjálms eins og kveðið er á um í barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Barnaheill hvöttu jafnframt stjórnvöld, bæði ríki og sveitarfélög að setja skýrar reglur um að óheimilt sé að krefja foreldra um innkaup á gögnum, greiðslu fyrir gögn sem nota á vegna skólagöngu barnanna eða fyrir aðra starfsemi á vegum skóla. Leita þurfi annarra leiða til að uppfylla markmið aðalnámskrár um menntun barnanna en að hluti menntunarinnar sé kostaður beint af foreldrum.

Áskorun Barnaheilla fékk töluverða athygli og ýmsir urðu til þess að taka undir hana. Áskorunin hefur verið rædd hjá Velferðarvaktinni og hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Barnaheill munu fylgja henni eftir með það að leiðarljósi að grunnmenntun verði börnum að kostnaðarlausu og börnum verði ekki mismunad vegna stöðu þeirra eða foreldra þeirra, s.s vegna efnahags.

Símaráðgjöf

Einn þáttur í starfi Barnaheilla er símaráðgjöf þar sem fullorðnir geta leitað upplýsinga um réttindi barna. Margir leituðu til samtakanna á árinu 2015. Málin voru af ýmsum toga; forsjármál, umgengnismál, eineltismál, grunur um vanrækslu eða ofbeldi gegn börnum og réttindamál ýmis konar.

Viðurkenning Barnaheilla – Save the Children á Íslandi

Ár hvert frá árinu 2002 hafa samtökin veitt viðurkenningu fyrir sérstakt framlag í þágu barna og mannréttinda þeirra. Viðurkenningin er til að vekja athygli á Barnasáttmálanum og mikilvægi þess að íslenskt samfélag standi vörð um mannréttindi barna. Viðurkenning Barnaheilla er veitt á afmæli barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna þann 20. nóvember. Að þessu sinni var það Hrafn Jökulsson sem hlaut viðurkenningu Barnaheilla – Save the Children á Íslandi. Hrafn er landspektur rithöfundur, eldhugi og stofnandi skákfélagsins Hróksins. Áhersla hans á vináttu og á að valdefla börn og styrkja þau félagslega samræmast áherslum Barnaheilla á mannréttindi barna.

Hrafn og félagar hans í Hróknum hófu „skáklandnám“ á Grænlandi árið 2003 og hafa í rúmlega 40 ferðum kennt grænenskum börnum skák og gefið þeim gjafir á borð við tafsett, fatnað og aðrar nauðsynjavörur. Sama ár hófu



Vinir Ferguson, þeir Karl Friðriksson og Grétar Gústavsson, fóru hringinn í kringum landið á traktorum og söfnuðu fyrir Vináttuverkefni Barnaheilla. Athæfið vakti mikla athygli fjölmiðla, ekki síst fókusinn á einelti en Grétar vann úr erfiðri reynslu á leiðinni sem hann varð fyrir í æsku.

Þeir einnig að heimsækja vikulega börn á Barnaspítala Hringsins í þeim tilgangi að tefla við þau. Þá hefur KALAK vinnufélag Grænlands og Íslands, þar sem Hrafn situr í stjórn, staðið fyrir því að grænlandskum börnum sé boðið í tveggja vikna ferðir til Íslands til að læra að synda.

Afhending viðurkenningarinnar fór fram í veislusal veitingastaðarins Nauthóls. Kolbrún Baldursdóttir, formaður Barnaheilla – Save the Children á Íslandi flutti ávarp auk þess sem Herdís og Ingibjörg Kristjánsdætur Linnét, fulltrúar úr ungmennaráði Barnaheilla, ávörpuðu samkomuna og fluttu tónlistaratriði. Einnig fluttu tónlistaratriði Halldór Jakobsson, 15 ára gítarnemi í Listaskóla Mosfellsbæjar, og Saga Matthildur Árnadóttir, sem stundar söngnám við FÍH. Erna Reynisdóttir, framkvæmdastjóri samtakanna stýrði athöfninni.

VERND BARNNA GEGN ÖLLU OFBELDI

Samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og öðrum íslenskum lögum eiga börn rétt á vernd gegn hvers kyns

ofbeldi og vanrækslu; gegn líkamlegu, andlegu og kynferðislegu ofbeldi og gegn því að vera neydd til vændis eða þátttöku í kynlífsiðnaði. Börn eiga enn fremur rétt á að vera vernduð fyrir upplýsingum og öðru efni sem getur skaðað velferð þeirra. Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa frá upphafi lagt áherslu á mikilvægi þess að vernd barna gegn ofbeldi sé tryggð. Samtökin hafa beitt sér fyrir breytingum á löggjöf, unnið að verkefnum og gert fræðsluefni þar að lútandi.

Netið og vernd barna gegn kynferðisofbeldi

Kynferðislegt ofbeldi hefur langvarandi og skelfileg áhrif á börn og mótast allt lífshlaup þeirra. Mjög mikilvægt er að leita allra ráða til að fyrirbyggja kynferðislegt ofbeldi og koma í veg fyrir að efni þar sem börn eru beitt kynferðisofbeldi sé dreift á netinu. Því miður er það þó svo að á netinu hefur aukist mjög efni þar sem börn eru beitt kynferðisofbeldi og sýnd á kynferðislegan hátt. Framleiðsla, varsla, dreifing og skoðun á slíku efni er ólögleg. Mjög mikilvægt er að stemma stigu við slíku efni, uppræta það, finna þolendur og koma þeim til hjálpar. Alþjóðlegt samstarf er ein forsenda þess.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa frá árinu 2001 tekið þátt í alþjóðlegu verkefni um Vernd barna gegn kynferðislegu ofbeldi á neti. Verkefnið hefur notið styrkja frá Evrópusambandinu, síðast árið 2014 frá Connecting Europe styrkjakerfi Evrópusambandsins, CEF. Markmið verkefnisins er að vekja athygli almennings, lögreglu, löggjafans, netþjónustuaðila, barnaverndaryfirvalda og fleiri aðila á þætti netsins í kynferðislegu ofbeldi gegn börnum og þrýsta á íslensk stjórnvöld að axla ábyrgð í þessum málaflokki hérlandis og á alþjóðavettvangi. Kjarni verkefnisins er ábendingalína sem rekin er í samvinnu við Ríkislögreglustjóra. Á vef samtakanna, barnaheill.is, er hnappur þar sem hægt er að senda inn nafnlausar ábendingar um ólöglegt og/ eða óviðeigandi efni á netinu. Þar er einnig hægt að tilkynna um mansal á börnum, klámefni sem er aðgengilegt börnum, um rafrænt einelti, um fullorðna sem misnota börn á ferðum sínum erlendis og fleira. Ábendingarnar fara til skoðunar og rannsóknar hjá lögreglu. Lögreglan rekur slóðir efnisins og finnur hvar það er vistað og sér til þess að það sé fjarlægð. Efnið getur verið vistað á fleiri en einum stað en

mikilvægt er að það sé upprætt sem fyrst eftir að það er tilkynnt, án þess þó að það skaði rannsóknarhagsmuni. Umrætt efni er í auknum mæli á svokölluðu Tor-neti (laukneti) sem erfitt er að rekja og uppræta.

Ábendingalínan hefur frá árinu 2010 verið aðili að SAFT-verkefninu, en SAFT stendur fyrir Samfélag, fjölskyldu og tækni og er vakningarátak um örugga tækninotkun barna og unglinga á Íslandi. Nánar er um það rætt aftur í skýrslunni. Ýmsir aðilar hafa óskað eftir því að hafa ábendingahnappinn á vefsíðum sínum. Jafnframt er hnappurinn auglýstur reglulega í fjölmiðlum. Hægt er að afrita hnappinn af vefsíðu Barnaheilla.

Frá árinu 2001 hafa Barnaheillum – Save the Children á Íslandi borist ríflega 5.000 ábendingar í gegnum ábendingahnapp. Frá árinu 2010 hafa um 35% ábendinganna varðað efni þar sem börn eru beitt kynferðisofbeldi og sýnd á kynferðislegan hátt. Á árinu 2015 bárust ábendingar um 1.098 vefslóðir eða annars konar miðla og 67 þeirra reyndust innihalda efni þar sem börn eru beitt kynferðisofbeldi og sýnd á kynferðislegan hátt, eða í 6% tilfella. Skráning ábendinga hefur frá árinu 2014 miðast við fjölda vefslóða en ekki fjölda tilkynninga, því algengt er að hver ábending varði fleiri vefslóðir. Framan af var lítið um ábendingar um vefsíður, sem voru vistaðar á Íslandi, en á undanföllum árum hefur þeim fjölgað.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi eru í alþjóðasamtökunum INHOPE, regnhlífásamtökum ábendingalína. Í samtökunum eru meira en 48 ábendingalínur í 42 löndum og fer þeim fjölgandi ár frá ári. Þær eru frá öllum heimsálfum en flestar frá Evrópu. Starf INHOPE samtakanna felst í að efla þekkingu og deila reynslu um málefnið og veita aðildarfélögum stuðning í baráttunni. Sérhver ábendingalína er í samstarfi við lögreglu og netþjónustuaðila í hverju landi og eru allar tölulegar upplýsingar skráðar í gagnagrunn INHOPE. Þannig er meðal annars hægt að fylgjast með fjölda ábendinga og edli þeirra. Árið 2014 reyndust 89.758 tilkynnta vefsíðna til ábendingalína innan vébanda Inhope innihalda efni sem

sýndi kynferðisofbeldi gegn barni. 93% þessara vefsíðna náðist að loka innan 72 klukkustunda. Nýrri tölur fyrir árið 2015 liggja ekki fyrir þegar þetta er ritað.

Þrátt fyrir öfluga starfsemi til að vernda börn gegn ofbeldi á netinu og við að uppræta efni sem þangað ratar, er við ramman reip að draga. Tækninni fleygir stöðugt fram og þeir sem hafa í hyggju að beita börn ofbeldi og nota netið sem verkfæri til þess, reyna alltaf að finna leiðir til ódæðisverkanna og til að fela slóð sína. Mjög erfitt er að uppræta það efni sem einu sinni er komið á netið. Eina örugga leiðin enn sem komið er, er að koma í veg fyrir að ofbeldið eigi sér stað. Það er gert með öflugri fræðslu og forvörnum og með því að styrkja þær stöðir samfélagsins sem vinna með börnum og foreldrum þeirra. Kynferðislegt tal við börn, að sýna þeim kynferðislegt efni eða myndataka og myndbirting sem sýnir barn á kynferðislegan hátt er ofbeldi gegn barninu. Það barn sem beitt er ofbeldi ber aldrei ábyrgðina, ábyrgðin er alltaf þess sem beitir ofbeldinu.

Viða erlendis má nú sjá þess merki að þrýst er á um nýja nálgun í forvörnum, svo sem með aukinni áherslu á að veita ofbeldisfólki meðferð og að veita fræðslu til þeirra sem hafa tilhneigingu til að beita börn ofbeldi. Þannig er reynt að nálgast fólk með því að styrkja það til rétttra ákvarðana og hafa áhrif til góðs.

Vernd barna gegn kynferðisofbeldi af hálfu Íslendinga sem eru á ferð erlendis

Þegar fullorðinn einstaklingur á kynferðislegt samband við barn er það kynferðisofbeldi gegn barninu. Samkvæmt íslenskum lögum getur Íslendingur sem verður uppvís af því að eiga í kynferðislegu samneyti við barn í öðru landi verið dæmdur fyrir það á Íslandi jafnvel þó að slíkt sé ekki ólöglegt í landinu þar sem brotið fer fram. Vegna fátæktar og erfiðra aðstæðna leiðast 1-2 milljónir barna í heiminum út í vændi á ári hverju eða eru beitt kynferðisofbeldi gegn gjaldi. Þeir sem beita ofbeldinu eru gjarnan ferðamenn og ferðast þeir til landa þar sem efnahagur og aðstæður eru verri en í heimalandi þeirra. Einnig er um að ræða menn í viðskiptaferðum,

farandverkamenn, hermenn, starfsmenn erlendra ríkja og fyrirtækja og fleiri. Hinn fullorðni getur ekki skýlt sér bak við samþykki barnsins, menningarmun eða að barnið hafi frumkvæði að samskiptunum. Ávallt er verið að nýta sér neyð barnanna.

Barnaheill vilja leggja sitt af mörkum til að koma í veg fyrir að ferðamenn frá Íslandi og erlendir ferðamenn sem millilenda hér beiti börn kynferðisofbeldi á ferðum sínum erlendis. Frá því í maí 2014 hefur reglulega verið skilti í Leifsstöð, þar sem Barnaheill hvetja ferðamenn til að tilkynna ef þeir verða vitni að ofbeldi gegn barni á ferðum sínum. Einnig gefa samtökin út póstkort með áletruninni *Áriðandi skilaboð til ferðamanna*. Þar eru ferðamenn hvattir til að vera ábyrgir og tilkynna til ferðaskrifstofu, fararstjóra eða lögreglu ef þá grunar að fullorðinn einstaklingur eigi kynferðislegt samneyti við barn og taka þannig þátt í að vernda barnið gegn ofbeldinu og að koma því til hjálpar. Heilsugæslan hefur lagt samtökunum lið með því að hafa kortið sýnilegt og afhenda það þeim sem leita til heilsugæslunnar áður en þeir leggja í ferðalög til fjarlæggra landa. Jafnframt geta ferðaskrifstofur fengið póstkortið til dreifingar.

FÁTÆKT BARNNA Á ÍSLANDI

Öll börn eiga rétt á að njóta þeirra réttinda sem kveðið er á um í barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og ekki má mismuna börnum hvað þau réttindi varðar eftir stöðu þeirra eða foreldra þeirra. Þau eiga rétt á að lifa og þroskast, rétt á menntun, heilsuvernd, hvíld og tómstundum. Samt sem áður geta ekki öll börn notið ýmissa gæða til að eiga innihaldsrikt líf og ekki tekið þátt í samfélaginu á við önnur börn vegna efnahagslegrar stöðu foreldra þeirra. Frá árinu 2013 hafa Barnaheill – Save the Children á Íslandi unnið að vitundarvakningu um barnafátækt og afleiðingum fátæktar á börn. Einn hluti þeirrar vinnu er samstarf um málefnið við Evrópuhóp Save the Children. Gerð var úttekt á málefnum fátækra barna í löndum Evrópu og unnið að gerð skýrslu sem kom út í apríl 2014; *Child Poverty and Social Exclusion*



Arsenal klúbburinn styrkti Vináttuverkefnið með fjárframlagi.

in Europe - A matter of children's rights. Þar kom meðal annars fram að tæplega 27 milljónir barna í Evrópu eiga á hættu að lenda í fátækt eða félagslegri einangrun í Evrópu. 28% barna yngri en 18 ára eru í þessari stöðu (ESB- lönd, Ísland, Noregur og Sviss) og um 16% barna á Íslandi, sem eru um 12.000 börn. Þar kom ekki síst fram að hluti barna á Íslandi býr við óviðunandi húsnæðisaðstæður, þröngbýli og tíða flutninga, sem getur stuðlað að rótleysi og félagslegri einangrun. Jafnframt kom fram að börn hafa ekki jöfn tækifæri til að stunda tómstundir. Barnaheill leggja áherslu á að börnum sé ekki mismunað sökum efnahagslegrar stöðu foreldra þeirra. Evrópuhópurinn vinnur nú að því að skoða mismunandi tækifæri barna eftir efnahag og mun þá leggja áherslu á að raddir barnanna sjálfra heyrist. Að alast upp í fátækt er brot á réttindum barna og hefur afdrifaríkar afleiðingar á líf þeirra.

VINÁTTA - FRI FOR MOBBERI

Í febrúar 2014 undirrituðu Barnaheill – Save the Children á Íslandi samstarfssamning við Mary Fonden og systursamtökin Red barnet - Save the Children í Danmörku um notkun á námsefninu *Fri for mobberi*, forvarnarverkefni gegn einelti í leikskólum og yngstu bekkjum grunnskóla. Fri for mobberi, er þróað og mótað af Red barnet og Mary Fonden og kom fyrst út í Danmörku árið 2007 og er nú jafnframt

í notkun á Grænlandi og í Eistlandi. Áform eru um að taka það til notkunar í fleiri löndum. Háskólinn í Hróarskeldu hefur þróað spurningakönnun til að taka efnið út og meta árangur þess. Rannsóknir í Danmörku sýna mjög góðan árangur af notkun efnisins og mikil ánægja er með verkefnið meðal starfsfólks og foreldra barnanna í skólunum þar sem það er notað.

Á Íslandi fékk námsefnið nafnið *Vináttu*, en það hefur skírskotun í þau gildi sem efnið byggir á; umhyggju, virðingu, umburðarlyndi og hugrekki. Barnaheill hafa látið þýða, staðfæra og framleiða námsefnið fyrir leikskóla. Um er að ræða tösku sem inniheldur nemendaefni, efni fyrir starfsfólk og foreldra auk kennsluleiðbeininga. Efninu fylgir bangsinn Blær, sem er táknmynd vináttunnar, auk hjálparbangsa fyrir hvert barn sem vinnur með efnið. Starfsfólk skóla fær fræðslu og þjálfun í notkun efnisins. Veturinn 2014-2015 voru það sex leikskólar í jafnmörgum sveitarfélögum sem fengu efnið til notkunar í tilrauna- og aðlögunarskyni í samstarfi við Barnaheill. Þetta voru leikskólarnir Kirkjuból í Garðabæ, Álfaheiði í Kópavogi, Vesturkot í Hafnarfirði, Hlíð í Mosfellsbæ, Ugluklettur í Borgarbyggð og Leikskóli Seltjarnarness. Starfsfólk tók þátt í rannsóknum og mati á árangri efnisins, sem Menntavísindastofnun Háskóla Íslands staðfærði og vann úr í samstarfi við Barnaheill. Strax má sjá árangur af notkun efnisins í samskiptum barnanna á leikskólunum.

Haustið 2015 var svo efnið gefið út í endanlegri mynd og öðrum leikskólum boðið að taka þátt í verkefninu. Í lok ársins 2015 höfðu hátt í 200 starfsmenn um 25 leikskóla skráð sig á námskeið sem haldin voru í byrjun árs 2016.

HEILBRIGÐISMÁL

Samkvæmt 24. grein barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna eiga börn rétt á að njóta besta mögulega heilsufars sem hægt er að tryggja með læknisaðstoð og heilbrigðisþjónustu. Samtökin leggja áherslu á að börnum á Íslandi sé ekki mismunað hvað það varðar.

Rekstur íbúðar fyrir fjölskyldur langveikra barna

Barnaheill eiga íbúð í Reykjavík, sem ætluð er fjölskyldum veikra barna af landsbyggðinni. Barnaspítali Hringings hefur haft umsjón með notkun hennar og útleigu. Íbúðin er á Skúlagötu og voru dvalardagar 221 á árinum sem er 61% nýting.

Hjólásöfnun

Hjólásöfnun Barnaheilla var haldin fjórða árið í röð í samvinnu við endurvinnslustöðvar Hringrásar og Sorpu. Samstarf var haft við Æskuna, barnahreyfingu IOGT og Íslenska fjallahjólaklúbbinn vegna verkefnisins. Sjálfboðaliðar gerðu hjólin upp undir stjórn sérfræðinga í reiðhjólaviðgerðum. Hjólunum var svo úthlutað börnum efnaminni fjölskyldna. Úthlutun hjólanna var unnin í samstarfi við félagsþjónustuna og Mæðrastreksnefnd Reykjavíkur. Um 500 hjól sófnuðust og um 120 hjólum var úthlutað að þessu sinni. Fasteignafélagið Eik lánaði húsnæði til verkefnisins í Ármúla.

ÁHRIFAMÁTTUR BARNNA

Samkvæmt 12. og 13. grein barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna eiga börn rétt á að tjá sig, leita upplýsinga, láta í ljós skoðanir sínar og hafa áhrif. Barnaheill leggja áherslu á að vera í samstarfi við börn og ungmenni og er starf ungmennaráðs og samstarf við skóla liður í þeirri áherslu samtakanna að rödd barna heyrist betur í íslensku samfélagi.

Í samvinnu við Fréttablaðið hafa auglýsingar verið birtar þar sem börn skrifa um réttindi sín. Auglýsingarnar hafa vakið mikla athygli og eru stöðug áminning fyrir lesendur um réttindi barna.

Ungmennaráð Barnaheilla – Save the Children á Íslandi

Ungmennaráð samtakanna var stofnað árið 2008 og er félagsskapur ungs fólks á aldrinum 13-25 ára. Hópurinn vill stuðla að réttlæti í heiminum og vekja athygli á málefnum er varða réttindi og stöðu barna, bæði hér á landi og erlendis. Markmiðið með starfi ungmennaráðsins er annars vegar að stuðla að bættum hag barna og hafa áhrif á viðhorf til barna í samfélaginu og hins vegar að virkja börn og unglinga til þátttöku í að móta það samfélag sem þau eiga aðild að. Ungmennaráðið er jafnframt Barnaheillum til ráðgjafar og aðstoðar í ýmsum verkefnum á vegum samtakanna. Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna er leiðarljós ungmennaráðsins eins og samtakanna sjálfra. Frá upphafi hafa um 30 ungmenni tekið þátt í starfi ungmennaráðsins. Frá árinu 2014 hefur ungmennaráðið verið í nánú samstarfi við ráðgjafahóp umboðsmanns barna og ungmennaráð UNICEF á Íslandi, meðal annars við undirbúning viðburða vegna 25 ára afmælis Barnasáttmálans og við gerð kvikmyndar um sáttmálann sem unnin var að mestu leyti á árinu 2015, einnig unnin í samstarfi við ungmenni í Borgarholtsskóla.

Í febrúar 2015 fengu fulltrúar ungmennaráðanna að sitja opinn fund velferðarnefndar Alþingis. Þar fluttu þau erindi um málefni sem lágu þeim á hjarta, ofbeldi gegn börnum og mikilvægi forvarna, fræðslu um fatlanir barna og um geðheilbrigðismál barna.

Í mars tók ungmennaráðið á móti norrænum gestum en þá komu fulltrúar frá ungmennaráðum Save the Children á Norðurlöndunum í heimsókn. Tílefni heimsóknarinnar var boð til ungmennaráðs Barnaheilla um að taka þátt í reglulegu samstarfi hinna norrænu ungmennaráða Save the Children. Við það tækifæri var formlega stofnað til samstarfsins. Fyrsti fundurinn



sem fram fór eftir það var haldinn í Svíþjóð í maí en þangað fór fulltrúi ungmennaráðs Barnaheilla og tók þátt í fundinum.

Í apríl hittu fulltrúar ungmennaráðsins menntamálaráðherra á fundi, ásamt fulltrúum ungmennaráðs UNICEF og ráðgjafahópi umboðsmanns barna. Áttu þau gott samtál við ráðherra sem leiddi meðal annars til þess að ákveðið var að eiga fundi oft.

Fulltrúar ungmennaráðsins tóku þátt í hugmyndasmiðju á vegum Evrópu unga fólksins.

Ungmennaráðið ritaði efni í blað Barnaheilla 2015 þar sem birtust nokkrar greinar eftir fulltrúa þess.

Í júlí fór fulltrúi ungmennaráðsins ásamt starfsmanni Barnaheilla til Rómar á Ítalíu til að taka þátt í vinnustofu og sumarskóla Sotto Sopra, ungmennahreyfingar Save the Children á Ítalíu, sem snerist um fátækt barna í Evrópu og þátttöku barna.

Í Reykjavíkumaraþoni Íslandsbanka hvöttu fulltrúar ungmennaráðsins hlaupara sem hlupu fyrir Barnaheill áfram.

Ungmennaráðið stóð á árinu fyrir útgáfu kynningarbæklinga til dreifingar. Jafnframt var sett á stofn facebook kynningarsíða fyrir ráðið.

Aðalfundur ungmennaráðsins var haldinn 9. september þar sem meðal annars voru unnin drög að framkvæmdaáætlun fyrir starfsárið 2015-2016.

Á viðurkenningu Barnaheilla þann 20. nóvember fluttu fulltrúar ungmennaráðsins erindi ásamt því að flytja tónlistaratriði.

Samstarf við skóla

Barnaheill - Save the Children á Íslandi telja mikilvægt að sjónarmið barna og sýn þeirra komi fram í þeim verkefnum sem samtökin vinna að. Því leitast samtökin við að eiga samstarf við skóla. Á undanförunum árum hafa Barnaheill átt í samstarfi

við ýmsa grunnskóla, framhaldsskóla og háskóla. Nemendur hafa fengið fræðslu um samtökin, verkefni þeirra og mannréttindi barna. Þeir hafa undir handleiðslu kennara sinna unnið að ýmsum verkefnum í samstarfi við Barnaheill.

FRÆÐSLA, FORVARNIR OG KYNNINGARSTARF

Ár hvert veita starfsmenn Barnaheilla fræðslu um samtökin og starfsemi þeirra, um barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og annað sem tengist mannréttinda- og mannúðarmálum barna. Leitað er til samtakanna af öðrum samtökum og opinberum aðilum. Barnaheill veita fræðslu í ABC-skólanum auk þess sem namar í grunn- og framhaldsskólum og háskólum leita reglulega upplýsinga um starf samtakanna og þau málefni sem þau vinna að. Þá fengu kennarar í grunnskólum, leikskólum og frístundaheimilum fræðslu um starf Barnaheilla, Barnasáttmálann og mannréttindi barna á árinu.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi leggja áherslu á að vera með stöðuga og trausta upplýsingagjöf til fjölmiðla um málefni er varða

börn og mannréttindi þeirra. Allar fréttatilkynningar og greinar eru jafnframt birtar á heimasíðu samtakanna og á samfélagsmiðlinum Facebook.

INNLENT SAMSTARF

Barnaheill eiga í viðtæku samstarfi við opinbera aðila, stofnanir og frjáls félagasamtök sem vinna að málefnum barna hér á landi.

Samtökin eru í samstarfi við Heimili og Skóla, Ríkislögreglustjóra og Rauða krossinn vegna SAFT verkefnisins og ábendingalínunnar.

Barnaheill hafa tekið þátt í starfi velferðarvaktar velferðarráðuneytis frá stofnun vaktarinnar árið 2009. Vaktin er samráðs- og samstarfsvettvangur og álitsgjafi á sviði velferðarmála. Á árinu 2014 var skipuð ný vakt með sambærilegu hlutverki og sú fyrri hafði, en sérstaklega skyldi hugað að velferð og afkomu efnalítilla barnafjölskyldna og aðstæðum þeirra sem búa við sára fátækt svo draga megji úr henni. Skipaðir voru tveir samráðshópar og eiga Barnaheill fulltrúa í þeim báðum.

Ennfremur má nefna þátttöku fulltrúa Barnaheilla í samráðshópi um ofbeldisforvarnir sem Embætti landlæknis heldur utan um, sem og þátttöku í vinnuhópi um geðrækt og forvarnir við mótun geðheilbrigðisstefnu á Íslandi.

Barnaheill eiga einnig samstarf við önnur íslensk mannúðarsamtök og er tilgangur samstarfsins að styrkja hlutverk allra samtakanna og auka sýnileika þeirra í íslenskrri þróunarsamvinnu. Í samstarfshópnum eru auk Barnaheilla – Save the Children á Íslandi, ABC-barnahjálparstarf kirkjunnar, Rauði kross Íslands, Samband íslenskra kristniboðsfélaga (SÍK), Sól í Tógó, SOS-barnaþorp og UN Women.

SAFT

Barnaheill – Save the Children á Íslandi eru aðili að SAFT verkefninu, en SAFT stendur fyrir samfélag, fjölskylda og tækni. SAFT er vakningarátak um örugga net- og tækninotkun barna

og unglinga á Íslandi. Verkefnið er hluti af *European Strategy for a Better Internet for Children*, aðgerðaáætlun Evrópusambandsins um öruggari netnotkun frá 2012 og er styrkt af framkvæmdastjórn ESB. Aðilar að SAFT á Íslandi eru auk Barnaheilla; Heimili og skóli, Ríkislögreglustjóri og Rauði krossinn. Ábendingalína Barnaheilla er einn hluti verkefnisins en að auki gefur SAFT út efni og er með fræðslu til foreldra og skóla sem á að stuðla að ábyrgri og öruggri netnotkun. Eins og áður kom fram eru Barnaheill aðili að INHOPE samtökunum sem eru regnhlífarsamtök ábendingalína með tæplega 50 ábendingalínum víðs vegar um heim.

SAMAN-hópurinn

Markmiðið með starfi SAMAN-hópsins er að styðja og styrkja foreldra í uppeldishlutverkinu. Lögð er áhersla á samveru foreldra og barna, á tímamótum, á hátíðum og í leyfum og sendir hópurinn skilaboð til foreldra í þá veru. Rannsóknir hafa sýnt að samvera foreldra og barna er ein besta forvörnin og að börn og unglingar vilja verja meiri tíma með foreldrum sínum. Vefsvæði hópsins er *samanhopurinn.is* og er hópurinn jafnframt með facebook síðu.

Náum áttum-hópurinn

Fræðslu- og forvarnahópurinn *Náum áttum* skipuleggur morgunverðarfundir um ýmis mál er varða forvarnir og velferð barna og ungmenna. Í hópnum eiga sæti fulltrúar nokkurra stofnana og félagasamtaka sem ákveða saman fundarefni og skipuleggja dagskrá fundanna og útvega einnig fyrirlesara og aðstöðu. Meðal þess sem fjallað var um á fræðslufundum á árinu 2015 var sjálfmynd barna, um ESTER – nýja matsaðferð í barnaverndarmálum, um snjalltæki í skólasterfi og um einelti, þar sem m.a. var kynning á Vináttu - verkefni Barnaheilla, sem er forvarnarverkefni gegn einelti. Vefsvæði hópsins er *naumattum.is* og hópurinn er jafnframt með facebook síðu.

Samráðsvettvangur lögfræðinga sem starfa á sviði barnaréttar

Barnaheill hafa frá árinu 2014 staðið fyrir samráðsfundum lögfræðinga sem starfa á sviði barnaréttar. Hópurinn fundaði nokkrum sinnum yfir árið 2015 en markmiðið með stofnun

hans var að hefja samtal og samstarf á meðal lögfræðinga um barnarétt, með það fyrir augum að skiptast á upplýsingum og sjónarmiðum sem styrkt gætu réttarstöðu barna almennt í samfélaginu. Hópurinn skipa um 10 lögfræðingar frá stofnunum, félagasamtökum og úr stétt lögmannna.

Evrópusamstarf

Barnaheill – Save the Children á Íslandi eiga aðild að Evrópuhópi Save the Children. Evrópuhópurinn vinnur að almennri réttindabaráttu fyrir börn, vernd barna gegn ofbeldi, málefnum vegalausra barna, hælisleitenda, barna sem eru fórnarlömb mansals og gegn fátækt barna í Evrópu. Samtökin beita sér fyrir því, m.a. í gegnum lagaumsagnir, að réttur barna og sérstaða sé tryggð í samningum Evrópusambandsins og á EES-svæðinu.

FRÆÐSLUEFNI

Einn liður í fræðslustarfi Barnaheilla – Save the Children á Íslandi er gerð fræðsluefnis um réttindi barna, um vernd barna gegn ofbeldi og um öryggi barna.

Fræðsluvefurinn *verndumborn.is*, hefur að geyma upplýsingar um vernd barna gegn ofbeldi. Á vefnum er að finna upplýsingar um einkenni og afleiðingar líkamlegs, andlegs og kynferðislegs ofbeldis gegn börnum, eineltis, vanrækslu og þess að búa við heimilisofbeldi. Einnig eru þar upplýsingar um hvert hægt er að leita vakni grunur um ofbeldi gegn börnum. Barnaheill gefa jafnframt út bækling um málefnið sem dreift er á heilsugæslustöðvar og víðar.

Petta er líkaminn minn er bók um vernd barna gegn kynferðislegu ofbeldi. Bókin er skrifuð til að aðstoða fullorðna og börn á leikskólaaldri við að ræða saman opið og óþvingað um jákvæða og neikvæða snertingu. Samtökin eru í samstarfi við heilsugæslustöðvar um dreifingu á bókinni. Jafnframt hafa margir leikskólar nýtt sér hana. Stöðugt er aukning á dreifingu og notkun bókarinnar og má ætla að tugir þúsunda íslenskra barna hafi notið góðs af henni frá því hún var fyrst gefin út árið 1998. Á árinu 2015 var yfir 2400 bókum



Vinningshafar og dómnefnd í jólapeysukeppninni við úrslitin á Petersen svítu í Gamla bíó.

dreift til um 25 heilsugæslustöðva og víðar. Þróunarstofa heilsugæslunnar hefur fengið leyfi samtakanna til að nota efni bókarinnar í forvarnastarf heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu um vernd barna gegn kynferðisofbeldi. Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra var jafnframt í samstarfi við Barnaheill um að gera bókina aðgengilega fyrir heyrnarlaus börn, foreldra þeirra og aðra sem annast þau. Til þess þarf að flytja efni hennar á íslensku táknmáli. Mikilvægt er að þeir sem dreifa bókinni ræði efni hennar við þá sem við henni taka áður en bókin er afhent.

Í samvinnu við umboðsmann barna, UNICEF á Íslandi og Námsgagnastofnun, halda samtökin úti námsvef og gefa út veggspjöld og bæklinga um barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og mannréttindi barna. Námsvefurinn *barnasattmali.is*, er aðallega ætlaður til notkunar í grunnskólum landsins og hentar nemendum frá 5 til 14 ára. Vefurinn er einnig ætlaður börnum og fullorðnum til almennrar notkunar.

Ljósmyndasýningin Óskir íslenskra barna

Í tilefni af 25 ára afmæli Barnaheilla á árinu 2014 efndu samtökin til ljósmyndasýningar í Smáralind í samvinnu við Ástu Kristjánsdóttur, ljósmyndara. Sýningin var opnuð í desember það ár og var gjöf samtakanna til barna á Íslandi í tilefni af afmælinu. Í september 2015 var sýningin svo opnuð í Gerðubergi og stóð þar fram í janúar 2016 og mun svo

ferðast um landið allt árið 2016.

Ljósmyndirnar á sýningunni byggja á reynslusögum íslenskra barna úr samtímanum sem upplifað hafa ofbeldi, vanrækslu, einelti eða fátækt. Myndirnar sýna óskir barnanna um betra líf. Grunnskólar fengu sendar upplýsingar um sýninguna og leiðbeiningar um hvernig hægt væri að nýta hana í kennslu og umræðum með börnum.

Börn sem komu á sýninguna voru svo hvött til að skrifa sínar eigin óskir á miða og setja á minnistöflu eða í fuglahús sem var í sýningarsalnum. Áætlað er að vinna úr óskum barnanna.

FJÁRÖFLUNARVERKEFNI

Út að borða fyrir börnin

Frá 15. febrúar til 15. mars 2015 fór árlega fjáröflunarátakið *Út að borða fyrir börnin* fram. Alls tóku 26 veitingastaðir þátt í áttakinu með því að láta hluta af ágóða valinna rétta renna til verkefna Barnaheilla sem snúa að vernd barna gegn ofbeldi.

Jóla kort

Sala jóla korta er afar mikilvæg fjáröflunarleið fyrir Barnaheill sem reiða sig alfarið á frjáls framlög einstaklinga, fyrirtækja og opinberra aðila. Sigrún Eldjárn listakona studdi samtökin með því að leyfa afnot af myndinni *Jólaþröstur á grein* á jóla kort samtakanna 2015. Myndin er af tveimur börnum sem horfa út um glugga á þröst

á grein. Með þeim á myndinni er Blær bangsi úr Vináttu-verkefninu.

Mjúkdýraleiðangur Ikea

Mjúkdýraleiðangur IKEA fer árlega fram í nóvember og stendur fram yfir áramót. Þá gefur IKEA Foundation eina evru fyrir hvert mjúkdýr sem selst í IKEA verslunum um allan heim. Söfnunarféð rennur til menntunar barna víðsvegar um heiminn. Þar að auki býðst viðskiptavinum IKEA á Íslandi að setja mjúkdýr sem keypt eru í söfnunarkassa í versluninni. Mjúkdýrin sem safnast eru öll gefin til Barnaspítala Hringins og fá þau nýtt heimili hjá skjólstæðingum spítalans.

Jólapeysan

Jólapeysan var haldin í þriðja sinn á árinu 2015. Safnað var fyrir sýrlenskum flóttabörnum. Jólapeysan 2015 var keppni um fallegustu, ljótustu, frumlegustu og vinsælustu jólapeysuna auk endurvinnslupeysunnar. Á áheitaðefnum *jolapeysan.is* var hægt að skrá sig til leiks, og hvetja vini og vandamenn til að heita á sig. Úrslit í Jólapeysukeppninni voru svo tilkynnt á Petersen svítu í Gamla bíó. Már Guðmundsson, seðlabankastjóri og formaður dómnefndar, Erna Reynisdóttir, framkvæmdastjóri Barnaheilla og Herdis Ágústa Linnét, formaður ungmennaráðs samtakanna afhentu verðlaunin.

Jólapeysuátakið er að fyrirmynd *Christmas Jumper* átaks Save the Children í Bretlandi. Átakið er aðlagð að íslenski menningu og aðstæðum.

Erlent starf

Helstu áherslur í alþjóðastarfi Barnaheilla – Save the Children byggja á barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og eru á grunnmenntun barna, vernd barna gegn ofbeldi, heilbrigði, réttindabaráttu og neyðaraðstoð. Í 28. grein sáttmálans segir að öll börn eigi rétt á endurgjaldslausri grunnmenntun, í 19. grein er kveðið á um rétt barna á vernd gegn líkamlegu, kynferðislegu og andlegu ofbeldi sem og gegn vanrækslu og samkvæmt 24. grein eiga öll börn rétt á heilsugæslu.

Ekki var mikil áhersla á erlent starf hjá Barnaheillum 2015 en stefnumótunarvinna um áherslur í erlenda starfinu hófst síðla árs þar sem langtímaverkefni í Úganda var nýlokið. Þó styrktu samtökin neyðaraðstoð í Sýrlandi í gegnum systursamtök sín í Jórdaníu.

NEYÐARAÐSTOÐ

Neyðaraðstoð er ein af meginstöðum alþjóðasamtaka Save the Children. Samtökin eru með áratuga reynslu í hjálparstarfi á hamfarasvæðum. Þar sem samtökin vinna að þróunarverkefnum í yfir 120 löndum, eru þau oftast en ekki með starfsemi í nálægð við staði þar sem náttúruhamfarir eða hörmungar af einhverju tagi verða og geta því brugðist fljótt við neyð. Í hjálparstarfinu gæta Save the Children sérstaklega að velferð barna en þau þurfa sérstaka vernd á tímum hamfara. Samtökin leggja áherslu á að grunnmenntun barna sé hluti af neyðaraðstoð, ekki síst á átakasvæðum þar sem neyðarástand getur ríkt í langan tíma.

Neyðaraðstoð alþjóðasamtaka Save the Children í tölum á árinu 2015:

- fór fram á 99 stöðum í 59 löndum
- 46 landsskrifstofur voru starfandi með viðbragðsteymi
- 112,8 milljónir manna voru fórnarlömb hamfara eða átaka
- 11,4 milljónir manna nutu góðs af neyðaraðstoð samtakanna - þar af 5,5 milljónir barna

Barnaheill – Save the Children á Íslandi studdu hjálparstarf alþjóðasamtakanna í Sýrlandi með fjárframlögum.

SÝRLAND

Frá upphafi átakanna í Sýrlandi hefur ástandið farið versnandi dag frá degi. Að minnsta kosti 7,6 milljónir manna eru á flótta innan landamæra, þar af 3,5 milljónir barna. Frá því átökin hófust í mars 2011 hafa að meðaltali 3.245 börn neyðst til að flýja heimili sín á degi hverjum. Fjöldi manns hefur einangrast á afskekktum svæðum innan Sýrlands þar sem allar nauðsynjar eru af skornum skammti, svo sem matur, vatn og eldsneyti. Í skýrslu Barnaheilla – Save the Children sem út kom í nóvember 2015 kemur fram að engin laus sé í sjónmáli varðandi átökin í Sýrlandi. Horfur á að flóttamenn geti snúið öruggir til síns heima á næstu misserum eru nánast engar. Í skýrslunni er lögð áhersla á nýtt samkomulag alþjóðasamfélagsins sem þurfi að tryggja stuðning við nágrannalönd Sýrlands, þangað sem meira en fjórar milljónir sýrlenskra flóttamanna hafa þegar flúið. Binda þurfi enda á bann við því að Sýrlendingar vinni og í sumum tilfellum búi löglega í þessum löndum. Á sama tíma þurfi að vernda og styrkja rétt þeirra til að óska eftir hæli.

Flóttamannavandinn

Þegar líki Aylan Kurdi, þriggja ára sýrlensks flóttadrengrs, skolaði á land í byrjun september 2015 vaknaði almenningur um allan heim til meðvitundar um þann gífurlega vanda sem flóttamannastraumurinn til Evrópu er. Samkvæmt tölum flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna höfðu yfir 740.000 manns farið sjóleiðina yfir Miðjarðarhafið til Evrópu í október 2015. Þar af voru 53% frá Sýrlandi, 18% frá Afghanistan, 6% frá Írak og 5% frá Eritreu.


Í október 2015 höfðu frá upphafi árs tæplega 600.000 Sýrlendingar hætt lífi sínu á misöryggum bátum sjóleiðina yfir Miðjarðarhafið. Þar af höfðu 450.848 manns komið til Grikklands, samanborið við 40.000 allt árið 2014.

Á Ítalíu höfðu á sama tíma 9.410 börn komið ein, án foreldra eða fjölskyldu.

Þeir sem komast þessa hættuför lífs af eru þó ekki komnir í öruggt skjól því í mörgum Evrópulöndum sem fólk fer um, er enginn viðbúnaður eða stjórnun í óformlegum búðum sem fólk hefst við í. Aðstæður eru stundum skelfilegar og á mörgum stöðum ófullnægjandi. Jafnvel á opinberum móttökustöðvum og flóttamannabúðum skortir stjórnun og getu til að útvega aðgang að grunnaðstöðu.

GLOBAL OVERVIEW: LIVE HUMANITARIAN RESPONSES

at the end of 2015



Flóttamannabúðir hafa spröttið upp víða á meginlandi Evrópu og sums staðar hefur landamærum verið lokað.

Börnin sem starfsfólk Barnaheilla – Save the Children hittu voru misvel á sig komin. Yfir sumarmánuðina voru þau sólbrennd og með blöðrur. Mörg höfðu misst táneglur eftir að hafa gengið óhemju langar vegalengdir. Þegar haust og vetur skall á var þeim kalt og þá var hætta á kali, lungnabólgu og öðrum sjúkdómum.

Alþjóðasamtök Barnaheilla skoruðu á alþjóðasamfélagið að sýna hugrekki og sameinast um nýtt samkomulag sem leysir vanda sýrlenskra flóttamanna væri því á annað borð alvara með að ná tókum á stærstu mannúðarkrísu frá seinni heimsstyrjöld.

Börn á flóttu, sérstaklega fylgdarlaus börn, eiga á hættu misnotkun, ofbeldi og mansal þar sem þau ferðast frá heimalöndum sínum til Vestur-Evrópulanda. Samkvæmt tölum Europol frá ársbyrjun 2016 er óttast um 10.000 flóttabörn sem ekki er vitað hvar eru.

Börnin þjást af áfallastreituröskun, vannæringu og ofþornun. Þau skortir aðgang að barnvænum og öruggum svæðum og aðstoð og upplýsingar við ferlið á flóttanum.

Börnin þurfa nauðsynlega sálfræðilegan stuðning, vernd, örugg svæði, skjól, mat, fót og vatn.

Barnaheill – Save the Children vinna í flestum löndum sem flóttamennirnir fara um eins og í Tyrklandi, Serbíu, Grikklandi og Ítalíu, en einnig innan Sýrlands. Aðaláherslan er á að tryggja börnum vernd. Á stöðum eins og á Norðurlöndum og í Þýskalandi er unnið að því að tryggja að flóttabörn skilji réttindi sín og fái aðgang að umönnun og stuðningi.

Samtökin leggja áherslu á – og eru virk í – að samræma viðbrögð og aðstoð með stjórnvöldum á hverjum stað, með stofnunum Sameinuðu þjóðanna og öðrum hjálparamtökum til að bregðast við ástandinu.

EVERY ONE

Ekkert barn fæðist til að deyja – og

engin móðir ætti að láta lífið af barnsförum. Samt deyja milljónir af þessum sökum á ári hverju. Daglega deyja tæplega 19 þúsund börn undir fimm ára aldri af völdum hungurs eða sjúkdóma á borð við lungnabólgu eða vegna niðurgangs. Raunveruleikinn er því miður sá að öll börn hafa ekki jöfn tækifæri til lífs. Þau sem búa í fátækustu og fjarlægustu löndum heims eru líklegust til að deyja.

EVERY ONE er alþjóðlegt átak Barnaheilla – Save the Children til og með ársins 2015 til að sporna gegn því að börn undir fimm ára aldri láti lífið af viðráðanlegum orsökum. Eitt af markmiðum þess er að alþjóðasamfélagið sætti sig ekki við þessar háu tölur um barnadauða. Aðalmarkmið átaksins var að ná fjórða þúsaldarmarkmiði Sameinuðu þjóðanna – að fækka tilfellum barnadauða um 2/3 fyrir árið 2015.

Markmiðið var að hvetja stjórnvöld um allan heim að móta stefnu og verklag sem hefði áhrif á að hraða ferlinu að þessu takmarki. Þannig hefði sem dæmi verið komið í veg fyrir að börn deyi vegna auðlækanlegra sjúkdóma.

Mikill árangur hefur náðst á alþjóðavísu í baráttunni gegn barnadauða frá árinu 1990. Fjöldi barna sem látast fyrir fimm ára aldur er kominn niður fyrir 7 milljónir á ári samanborið við 12 milljónir á árinu 1990 – næstum helmingur þeirra eru nýburar – sem látast vegna sjúkdóma sem auðveldlega er hægt að lækna eða koma í veg fyrir.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi taka þátt í átakinu með því að vekja athygli á því innanlands.

ALMENN RÉTTINDABARÁTTA

Mikilvægur liður í starfi Barnaheilla í þágu barna er málvarahlutverkið og þrýstingur á stjórnvöld. Rík áhersla er lögð á að þau réttindi sem kveðið er á um í barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna séu virt. Samtökin senda reglulega ályktanir og/eða ábendingar til yfirvalda ef þau telja að verið sé að brjóta á réttindum barna, hér á landi sem erlendis.

Erlent samstarf

Barnaheill – Save the Children á Íslandi vinna með alþjóðasamtökunum Save the Children International um mótun stefnu og starfshátta. Einnig sjá samtökin á Íslandi um að koma á framfæri fréttum af alþjóðlegri starfsemi samtakanna og taka þátt í hinum ýmsu verkefnum sem alþjóðasamtökin standa fyrir.


Árlega er haldinn fundur með forsvarsmönnum landssamtaka Save the Children til að móta stefnu og samræma aðgerðir. Ársfundurinn 2015 var haldinn í Jóhannesarborg. Erna Reynisdóttir, framkvæmdastjóri, og Kolbrún Baldursdóttir, formaður, sóttu fundinn. Á ársfundinum eru boðaðir formenn og framkvæmdastjórar allra landssamtaka Save the Children ásamt lykilstarfsmönnum alþjóðasamtakanna víða um heim. Yfirskrift fundarins 2015 var „Breaking Boundaries to Achieve Results for Children“ og var hann tileinkaður stefnumótun samtakanna til 2030 og markmiðasetningu næstu þriggja ára. Þátttaka í ársfundum er afar mikilvæg, þar kemur ýmislegt lærdómsríkt og fræðandi fram auk þess sem þar skapast tækifæri til að mynda tengsl og hafa áhrif. Samkvæmt lögum alþjóðasamtakanna ber öllum landssamtökum að senda bæði formann og framkvæmdastjóra á fundinn.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi eru í samstarfshópi Evrópuhluta Save the Children sem er með aðsetur í Brussel. Aðild að þeim eiga systursamtökin í Danmörku, Finnlandi, Hollandi, Ítalíu, Litháen, Noregi, Rúmeníu, Spáni, Svíþjóð, Sviss og Þýskalandi. Meðal markmiða samstarfsins er að hafa áhrif á löggjöf og stefnu Evrópusambandsins og Evrópuráðsins um málefni er varða réttindi og velferð barna.


Helsta verkefni Evrópuhópsins á árinu 2015 var eftirfylgni skýrslunnar „Child poverty and social exclusion in Europe – A matter of children's rights“ sem kom út 2014. Skýrslan hefur vakið verðskuldaða athygli víða í álfunni, ekki síst hér á landi þar sem mikil umfjöllun um barnafátækt kviknaði í kjölfar útgáfu hennar.

Tekjur og gjöld 2015

SKIPTING TEKNA



SKIPTING GJALDA



Tekjur af reglulegri starfsemi Barnaheilla - Save the Children á Íslandi voru samtals kr. 70,9 milljónir króna. Um 77% tekna samtakanna komu frá einstaklingum í formi einstaklingsframlaga og fjáröflunar. Rekstrargjöld voru tæplega 70 milljónir. Árangur fjölgunar styrktaraðila hefur skilað sér í um 100% aukningu á þeim tekjulið frá árinu 2014 og 2013. Alger viðsnúningur hefur orðið á rekstri samtakanna vegna þessa og lækkunar á rekstrarkostnaði. Er reksturinn því í jafnvægi með rúmlega 1 milljón í hagnað á árinu.

Barnasáttmálinn og vinátta

Frá stofnun Barnaheilla – Save the Children á Íslandi, hafa samtökin haft barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi í öllu sínu starfi.

Sérstök áhersla hefur verið lögð á vernd barna gegn hvers kyns ofbeldi, sem þau eiga rétt á samkvæmt 19. grein Barnasáttmálans. Í henni kemur fram að ríki skuli gera allar mögulegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir ofbeldi gegn börnum, með því meðal annars að styðja við og skapa samfélagsleg forvarnarverkefni sem nýtast börnum og þeim sem starfa með börnum.

Vináttuverkefni Barnaheilla sem nýverið hefur verið tekið í notkun á leikskólum víða á landinu er tæki sem nýtist sem forvörn gegn einelti og öðru ofbeldi eða ofbeldishegðun. Verkefnið byggist á grundvallargildunum umburðarlyndi, virðingu, umhyggju og hugrekki. Verkefnið hefur verið mótað á grunni nýjustu rannsókna um einelti.

Barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna sem hefur eftirlit með því að Barnasáttmálanum sé framfylgt bendir á í almennum athugasemdum sínum við 19. grein að koma megí í veg fyrir allt ofbeldi gegn börnum. Í athugasemdunum er byggt á því að fyrsta stigs forvarnir séu langmikilvægastar og að ríki beri jákvæða skyldu til að styðja fjárhagslega við að slíkar forvarnir komist í framkvæmd.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi hvetja íslensk stjórnvöld til að styðja vel við að Vináttuverkefni Barnaheilla nái útbreiðslu og til að tryggja öllum börnum aðgang og not af kennsluefninu. Með því móti má vinna gríðarmikið gagn í þágu barna og vernda þau gegn ofbeldi.

Þannig stuðlar samfélagið að velferð barna, með vináttu.



Barnaheill
Save the Children á Íslandi